



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
3. fundur 2013 (34. fundur)
SHÓL/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 18.04.2013 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Magnús Stefánsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Sigurður H. Ólafsson	skipulagsfulltrúi
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæslan

Eiríkur Bjarnason ritari nefndarinnar boðaði forföll og ritaði skipulagsfulltrúi fundargerð í hans fjarveru.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – Staða vinnunnar.

Stefán Gunnar Thors frá VSÓ- ráðgjöf mætti á fundinn og fór yfir stöðu mála í aðalskipulagsvinnunni. Vinna stendur enn yfir við að skoða betur valkosti varðandi brautarkerfi og mun gerð draga að aðalskipulagi því seinka um a.m.k. tvo mánuði, en stefnt er að kynningu á drögum aðalskipulagsins í júní nk.

2. Endurauglýsing skipulagslýsingar.

Skipulagsnefnd samþykkir að endurauglýsa skipulagslýsingu nýja aðalskipulagsins, vegna reglugerðarskila nýrrar skipulagsreglugerðar nr. 12.

3. Fálkavöllur 2 – breyting á skipulagi vegna útkeyrslu af lóð.

Fyrir lá umsókn um að bæta við útkeyrslu af lóð flugeldhúss IGS á Fálkavelli 2, inn á Fálkavöll. Einnig að önnur af tveimur innkeyrslum inn á bílastæði lóðarinnar, sem er utan haftasvæðis, verði felld niður.

Skipulagsnefndin ályktaði að um óverulega breytingu á deiliskipulagi sé að ræða og samþykkti að fara með málið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga hjá þeim aðilum sem hafa hagsmuna að gæta.

4. Umsögn um samþykkt byggingaráforma vegna mannvirkja á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar, sbr. 6. mgr. gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð.

Lögð var fram samþykkt byggingaráforma fyrir *Fríhöfnina, komuverslun breytingar*, dags. 16.04.2013.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við byggingaráformin.



5. Umferðarskipulag á lóð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Páll S. Pálsson frá flugvalla- og mannvirkjasviði Isavia, hélt kynningu á breyttu umferðarskipulagi austan FLE, sem auglýst verður innan skamms.

6. Stækkun flughlaðs vestan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Páll S. Pálsson frá flugvalla- og mannvirkjasviði Isavia, kynnti fyrirhugaða stækkun flughlaðs vestan flugstöðvarinnar. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist nú í vor.

Skipulagsnefndin ályktar að framkvæmdin samræmist gildandi deiliskipulagi og teljist óveruleg. Því sé hún ekki framkvæmdaleyfisskyld skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 23. maí 2013.

Fleira ekki gert, fundi slitið.